

# FUNDARGERÐ

## 159. fundar skipulags- og byggingarnefndar Mýrdalshrepps.

**Fundarstaður:** Skrifstofa Mýrdalshrepps

**Fundartími:** Fimmtudagur 5. mars 2009 kl. 16:00.

**Mættir:** Undirritaðir aðalmenn skipulags- og byggingarnefndar ásamt Gísla Gíslasyni skipulagsfulltrúa vegna aðalskipulags.

**Ritari fundarins:** Helga Ólafsdóttir

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.**

**Gerðir fundarins:**

### 1. Deiliskipulag – Tún.

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 24. október 2008 var samþykkt að óska meðmæla Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir hluta Túnahverfis. Eftir allnokkur samskipti við Skipulagsstofnun um hvort í gildi væri deiliskipulag fyrir aðliggjandi byggð og samanburð við gildandi aðalskipulag Víkur 1975-1995 varð sú niðurstaða sbr. tölvubréf dags. 7. janúar 2009 að deiliskipulagstillagan væri í ágætu samræmi við gildandi aðalskipulag og því þyrfti ekki meðmæli Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna. Tillagan var auglýst 14. janúar 2009 og frestur til að skila inn athugasemdum rann úr 26. febrúar 2009 án þess að athugasemdir bærust. Nefndin samþykkir tillöguna og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að senda hana til Skipulagsstofnunar til athugunar sbr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73-1997.

### 2. Austurvegur 11d.

Arinbjörn Vilhjálmsson, f.h. lóðarhafa sækir um byggingarleyfi til byggingar frístundahúss skv. uppdráttum Arinbjarnar Vilhjálmssonar arkitekts.

Stækkun hússins um eina burst frá upphaflegu útliti var samþykkt að aflokinni grenndarkynning á fundi nefndarinnar 16. október 2008.

Nefndin samþykkir að veita byggingarleyfi með fyrirvara um að brunavarnir séu uppfylltar.

### 3. Aðalskipulag 2005-2025

a) Lagt fram til kynningar bréf bænda og landeigenda í Mýrdal dags. 22. febrúar 2009. Ennfremur umsögn Landgræðslu ríkisins til Betri byggðar um veglínu 3, dags. 3. mars sl.

b) Ákveðið var að breyta gildistíma aðalskipulags sem nærði til árána 2009-2025.

c) Sveinn kynnti tillögu um veglínu í samræmi við efri leið um Víkurfjöru. Eftir nokkrar umræður var tillagan dregin til baka

Greidd voru atkvæði um leið nr. 3 í frumdrögum vegagerðarinnar. 4 greiddu aðkvæði með og einn sat hjá. Rökstuðningur við þessa leið er: Vegurinn er láglandisvegur með stuttum jarðgöngum. Vegtengingar eru fáar og nýtist að stórum hluta sem vegtenging á Dyrhólaey. Að mati nefndarmanna raskar þessi leið minnst landnotkun og ræktunarlöndum bænda. Umtalsverð stytting næst á Þjóðvegi 1 miðað við núverandi leið. Þessi leið þjónar því best öllum markmiðum um öruggan og ódýran veg.

Sveinn gerði grein fyrir atkvæði sínu.

Ég undirritaður harma það að ekki hefur verið hægt að ná sátt í sveitarfélaginu um veglínur sem teiknaðar verða inn aðalskipulag Mýrdalshrepps. Á síðasta fundi skipulags- og byggingarnefndar var lögð fram sáttatillaga þar sem lagt var til að gert yrði ráð fyrir vegi sunnan íþróttavallar í Vík og göng í gegnum Reynisfjall og komið út syðst í Fossholtinu norðan Þórisholts og svo yrði farið út mýrar í landamerkjum milli Fossjarða og Reynishverfisjarða, þaðan áfram vestur mýrar og farið fyrir norðan Geitafjall. Þá yrði vegurinn yfir Mosaháls tekinn ennþá meira niður og skarðið víkkað til suðurs. Því miður var ekki hægt að ná sátt um þessa leið og ekki kom önnur tillaga sem að nálgast þessa sáttalínu og meirihluti nefndarinnar vill fara leið nr 3 skv Vegagerðarskýrslunni, en ég undirritaður treysti mér ekki til að styðja það að vegur verði settur innan þess svæðis sem skilgreint er á náttúruminjaskrá og því hef ég ákveðið að sitja hjá við afgreiðslu þessarar tillögu.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 20:00

Helga Ólafsdóttir	Sveinn Þórðarson Formaður	Páll Tómasson
Þráinn Sigurðsson		Karl Pálmason
Gísli Gíslason Skipulagsfulltrúi		